

Bæjarstjórn - 12

## FUNDARBOÐ

**12. fundur bæjarstjórnar**  
**verður haldinn í bæjarstjórnarsal, fimmtudaginn 13. apríl 2023 og hefst kl.**  
**17:00**

### Dagskrá:

#### Erindi til afgreiðslu/umsagnir

##### 1. 1510008 - Deiliskipulagi fyrir hafnarsvæðið við Skipavík - Auglýsing

Lögð fram að nýju tillaga að deiliskipulagi fyrir hafnarsvæðið við Skipavík í samræmi við 1. mgr. 41. gr. skipulagslaga nr. 123/2010.

Hafnarstjórn samþykkti vinnslutillöguna fyrir sitt leyti á 2. fundi sínum og vísaði málinu til skipulagsnefndar til nánari útfærslu áður en hún yrði lögð fyrir bæjarráð og bæjarstjórn til samþykktar í samræmi við 1. mgr. 5. gr. hafnarlaga nr. 61/2003, 2. mgr. 30. gr. og 4. mgr. 40. gr. skipulagslaga nr. 123/2010.

Á 9. fundi sínum, tók skipulagsnefnd fyrir sitt leyti jákvætt í framlagða tillögu og samþykkti að auglýsa hana í samræmi við 1. mgr. 41. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 með uppfærslum í samræmi við niðurstöður fundarins. Bæjarráð samþykkti á 10. fundi sínum samhljóða að auglýsa tillöguna í samræmi við bókun skipulagsnefndar ásamt því að fella lóðir Nessveg 24 og Nesveg 22a úr deiliskipulagstillögunni og minnka deiliskipulagsreitinn samkvæmt því. Á 11. fundi bæjarstjórnar var deiliskipulagstillögunni með áorðnum breytingum vísað aftur til afgreiðslu í skipulagsnefnd og að í kjölfarið verði tillögunni vísað aftur til aukafundar bæjarstjórnar til afgreiðslu.

Skipulagsnefnd samþykkti á 10. fundi sínum fyrir sitt leyti að auglýsa tillögu að deiliskipulagi fyrir hafnarsvæði við Skipavík í samræmi við 1. mgr. 41. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 með áorðnum breytingum í samræmi við umræður á fundinum.

Í samræmi við framangreint er lagt við bæjarstjórn að deiliskipulag fyrir hafnarsvæðið við Skipavík verði auglýst í samræmi við 1. mgr. 41. gr. skipulagslaga nr. 123/2010

11.04.2023

Jakob Björgvin Jakobsson, bæjarstjóri.